# Breyting á "Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022" - Vatnsverndarsvæði í landi Varmalækjar

## Landnotkun - skýringar

| | |
|---|---|
| (VB5) Vatnsvernd - brunnsvæði | Stofnvegur |
| (VG5) Vatnsvernd - grannsvæði | Tengivegur |
| (VF5) Vatnsvernd - fjarsvæði | Helstu héraðsvegir |
| Landbúnaður | Reið- og gönguleiðir |
| Gott ræktanlegt land | Gönguleiðir |
| (F5) Frístundabyggð | 300 m hæðarlína |
| Óbyggt svæði | (E5) Efnistökusvæði |
| Vötn og vatnsföll | (H) Hitaveita |
| Hverfisvernd - birkiskógar og kjarr | (R) Rafveita |
| Hverfisvernd - fossar og flúðir | |

## Hluti gildandi aðalskipulags

Staðfest af ráðherra 29.06.2011




MÆLIKVARÐI 1:100000

0 1000 2000 3000 m

N V A S

## Tillaga að breytingu

Dagsetning 19.02.2013




MÆLIKVARÐI 1:100000

0 1000 2000 3000 m

N V A S

## Greinargerð

Breyting aðalskipulags tekur til vatnsverndarsvæðis vatnsbóls í landi Varmalækjar í Borgarbyggð. Fjarsvæði (VF2) vatnsverndar mun eftir breytingu minnka um 22 ha, eða úr 189 ha í 167 ha. Grannsvæði (VG2) vatnsverndar mun eftir breytingu minnka um 1,8 ha, eða úr 5,1 ha í 3,3 ha. Skilgreind svæði fyrir frístundabyggð (F72 og F141) munu sem fyrr fylgja afmörkun grannsvæðis og því stækka lítillega. Svæði F72 stækkar um 1,0 ha (úr 35,6 ha í 36,6 ha) og svæði F141 um 0,8 ha (úr 48 ha í 48,8 ha).

Breyting á afmörkun vatnsverndarsvæðis byggir á tillögu ÍSOR (Íslenskar orkurannsóknir) sem unnin var fyrir Borgarbyggð í júní 2011. Afmörkun vatnsverndarsvæðis í landi Varmalækjar í staðfestu aðalskipulagi frá júní 2011 var samkvæmt tillögu ÍSOR frá árinu 2006. Ástæða þess að afmörkun grannsvæðis og fjarsvæðis er breytt er sú að ekki er talin nauðsyn á því að hafa tvær smálindir innan brunnsvæðis vatnsbólsins eins og gert var í fyrri afmörkun ÍSOR. Smálindirnar tvær eru staðsettar vestan og austan við aðal vatnsbólslindina, og séu þær skilgreindar innan brunnsvæðis kallar það á stærra grann- og fjarsvæði.

Sveitarstjórn telur að umrædd breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2012-2022 sé óveruleg þar sem vatnsverndarsvæði minnkar. Með minnkun vatnsverndarsvæðis dregur úr kvöðum á þeim svæðum þar sem vatnsvernd er aflétt.




## Vatnsverndarsvæði á Varmalæk fyrir og eftir breytingu

- Grannsvæði vatnsverndar í gildandi aðalskipulagi - stærð 5,1 ha
- Fjarsvæði vatnsverndar í gildandi aðalskipulagi - stærð 189 ha
- Grannsvæði vatnsverndar samkvæmt nýrri tillögu - stærð 3,3 ha
- Fjarsvæði vatnsverndar samkvæmt nýrri tillögu - stærð 167 ha
- Brunnsvæði vatnsverndar - stærð 0,1 ha

## Samþykkt

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann 13. febrúar 2014

SVEITARSTJÓRINN BORGARBYGGÐ

3.07.14

SKIPULAGSSTOFNUN

## Yfirlitsmynd: LMÍ




Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar
Vatnsverndarsvæði í landi Varmalækjar

landlínur
hönnun og skipulag

| Verkheiti | Skráarheiti | Dagsetning | Uppdráttur | Mælikvarði |
|---|---|---|---|---|
| a406-Borgarbyggð | a406-br-Va.dgn | 3.2.2014 | þþ | 1:100000 (A4) |

Borgarbraut 61, 310 Borgarnes • sími 4351254
landlinur@landlinur.is • www.landlinur.is

Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir
Landslagsarkitekt FÍLA